



Aðgerðaaðætlun sjálfbærni- stefnu Vegagerðarinnar

Tillögur að aðgerðum eru kynntar fyrir hvert markmið sjálfbærnistefnunnar og aðgerðirnar verða endurskoðaðar árlega. Einnig verði sett upp mælaborð fyrir markmiðin og stöðu framfylgdar. Mælikvarðar taka mið af mælikvörðum samgönguáætlunar og verða nýtti fyrir 3 ára áætlun stofnunarinnar sem er skilað árlega til innviðaráðuneytið. Umsjón framfylgd markmiða er á ábyrgð deildar Umhverfi og sjálfbærni, en byggir á þátttöku allra deilda Vegagerðarinnar.

.....





Stefnuáhersla 1.

Umhverfi og loftslag



	Markmið	Mælikvarðar	Aðgerðir	Ábyrgð	Staða
Framkvæmdir og þjónusta í átt að sjálfbærni	1.1. Auka endurnýtingu efnis í framkvæmdum, viðhaldi og þjónustu	→ Hlutfall efnis sem er endurnýtt í nýframkvæmdum og viðhaldi, (t.d. málmur, plast, steinsteypa, sandur og jarðefni). → Mælingar á magni á endurnýttu efnis (tonn/ári) úr aflögðum brúm, burðarlags-efni o.p.h. bæði í nýframkvæmdum og viðhaldi.	→ Uppfærsla hönnunarleiðbeininga og verklýsingar með kafla um möguleika á endurnýtingu. → Gera kröfu í útboðs- og verklýsingum (fyrir nýframkvæmdir, þjónustu og viðhald) um upplýsingum um endurnýtingu.	→ Framkvæmda-deild → Rekstrardeild → Stoðdeild → Umhverfi og sjálfbærni	Í vinnslu
	1.2 Flokka og endurnýta úrgang frá starfsemi Vegagerðarinnar og framkvæmdum á hennar vegum	→ Magn/hlutfall óflokkaðs úrgangs. → Magn/hlutfall endurnýttu úrgangs. → Úrgangsgreining frá Klöppum.	→ Styrkja kröfur í útboðum Vegagerðarinnar um flokkun og endurnýtingu → Flokkun starfsstöðva Vegagerðarinnar og upplýsingaskil í Klappir. → Fræðsla innan Vg um flokkun og hringrásarhagkerfið. → Útbúa verklagsreglur og gátlista fyrir flokkun. → Tryggja að ílát, losunarstaðir og viðeigandi þjónusta sé til staðar á starfsstöðum.	→ Rekstrardeild → Stoðdeild → Svæði → Umhverfi og sjálfbærni	Lokið eða langt komið
	1.3 Tryggja að starfsfólk Vegagerðarinnar hafi staðgóða þekkingu á sjálfbærni og vinni með sjálfbærni í starfi sínu	→ Fjöldi námskeiða um sjálfbærni. → Fjöldi þátttakenda. → Hlutfall starfsmanna sem hefur setið fræðslufund.	→ Útbúa sjálfbærnigátlista fyrir hönnun, framkvæmdir og rekstur. → Fræðslu í gegnum Vegagerðaskólann.	→ Mannauður → Umhverfi og sjálfbærni	Í vinnslu
	1.4 Lengja líftíma mannvirkja og búnaðar eins og kostur er	→ Gerð lífsferils- og lífstímakostnaðargreininga sem hluti af hönnunarferli framkvæmda.	→ Kynna aðferðafræði vistferilsgreininga og lífstímakostnaðargreininga fyrir starfsmönnum, ráðgjöfum og verktökum. → Gera kolefnisreikninga að hluta af hönnunarleiðbeiningum.	→ Mannvirkjasvið → Rekstrardeild → Stoðdeild → Umhverfi og sjálfbærni	Hefst 2025



	Markmið	Mælikvarðar	Aðgerðir	Ábyrgð	Staða
Líffræðilegur	1.5 Takmarka útbreiðslu ágengra tegunda á öryggis-svæðum Vega-gerðarinnar	→ Stærð svæða innan vegsvæðis Vegagerðarinnar þar sem ágengar tegundir er að finna.	→ Kortleggja núverandi svæði og vakta dreifingu ágengra tegunda á áhrifasvæðum Vegagerðarinnar. → Ráðast í aðgerðir til að takmarka útbreiðslu þeirra. → Taka þátt í norrænu rannsóknarverkefni um ágengar tegundir.	→ Umhverfi og sjálfbærni → Þjónusta	Í vinnslu
	1.6 Draga úr áhrifum og raski af starfsemi Vegagerðarinnar á viðkvæm vistkerfi	→ Fjöldi svæða þar sem unnið er að því að takmarka rask með beinum aðgerðum. → Hlutfall svæða sem skilgreind eru sem viðkvæm (verndarsvæði) þar sem mótvægisadgerðum er beitt. → Fjöldi námskeiða um takmörkun á raski.	→ Kortleggja svæði með tilliti til verndargildis þeirra og annarra þátta sem geta haft áhrif á framkvæmdir eða valdið töfum. → Fræða starfsfólk um verklag varðandi takmörkun rasks fyrir upphaf nýframkvæmda eða viðhalds, m.a. með Vestfjarðarveg um Gufudalssveit sem fyrirmynd. → Halda utan um upplýsingar um rask á viðkvæmum vistkerfum og mótvægisadgerðir. → Endurheimt votlendis og viðkvæmra vistkerfa.	→ Framkvæmda-deild → Hönnunardeild → Svæði	Hefst 2026/27
Loftslagsáhrif og seigla	1.7 Draga úr kolefnisspori Vega-gerðarinnar í framkvæmdum og þjónustu	→ Kolefnisspor nýframkvæmda og viðhalds (tonn CO ₂) fyrir mismunandi tegundir framkvæmda. → Kolefnisspor þjónustu, með mælikvörðum fyrir mismunandi starfsemi (t.d. losun á hvern km).	→ Innleiða útreikninga kolefnisspors fyrir verkefni Vegagerðarinnar. → Kortleggja möguleika á orkuskiptum í samgöngum. → Innleiða kolefnisreikninga í útboð Vegagerðarinnar. → Innleiða stigvaxandi kröfur í útboðum Vegagerðarinnar til að draga úr kolefnispori framkvæmda með orkuskiptum.	→ Hönnunardeild → Stoðdeild → Umhverfi og sjálfbærni	Hefst 2025
	1.8 Auka viðnámsþol samgöngukerfisins vegna breytinga af völdum loftslagsáhrifa	→ Hlutfall framkvæmda þar sem loftslagsrýni hefur farið fram.	→ Gera mat á hættu vegna loftslagsbreytinga að hluta af hönnunarferli framkvæmda. → Innleiða ofanvatnslausnir í hönnun framkvæmda. → Kortleggja mikilvægustu þætti samgöngukerfisins, mannvirki og svæði sem gætu orðið fyrir áhrifum loftslagsbreytinga og gera áhættugreiningu fyrir þau. → Tryggja að hlutfall framkvæmda þar sem loftslagsrýni hefur farið fram aukist árlega.	→ Hönnunardeild → Svæði → Umhverfi og sjálfbærni → Vegapjónusta	Hefst 2025
	1.9 Kortleggja og greina áhættu samgöngukerfisins vegna loftslagsbreytinga	→ Hlutfall kortlagðra mikilvægra samgöngumannvirkja og svæða með gerða áhættugreiningu (%). → Fjöldi fullgerðra áhættugreininga eða áhættukorta á ári	→ Kortleggja mikilvægustu þætti samgöngukerfisins, mannvirki og svæði sem geta orðið fyrir áhrifum loftslagsbreytinga. → Gera áhættugreiningu fyrir þessi svæði og mannvirki. → Nýta niðurstöður greiningarinnar til að forgangsraða viðhaldi og styrkingu innviða.	→ Svæði → Vegapjónusta → Umhverfi og sjálfbærni	
	1.10 Efla vistvæna samgöngumáta	→ Hlutfall framkvæmda þar hugsað er fyrir lausnum fyrir virka ferðamáta á hönnunarstigi. → Tengst við skipulagsmál og samþættingu ferðamáta tryggð.	→ Greina þjónustu og framkvæmdir með tilliti til vistvænna ferðamáta, virkra ferðamáta og hefðbundinna ferðamáta.	→ Almennings-samgöngur → Rekstrardeild	Hefst 2026/27



Stefnuáhersla 2

Samfélagsleg ábyrgð



	Markmið	Mælikvarðar	Aðgerðir	Ábyrgð	Staða
Gæði og öryggi	2.1 Tryggja að allar innviða-framkvæmdir séu hannaðar, byggðar og viðhaldið með almannaoöryggi og heilsu í forgangi	→ Fjöldi eða hlutfall hönnunarverka sem fara í gegnum formlegt öryggismat. → Fjöldi úrbóta á hættulegum vegaköflum. → Fjöldi slysa eða banaslysa á þjóðvegum. → Hlutfall vega sem standast öryggisskoðun.	→ Öryggisrýni á öllum stórum framkvæmdum frá hönnunarstigi til verklegra framkvæmda. → Reglulegar öryggisúttektir og forgangsröðun öryggisaðgerða. → Aukin notkun öryggis- og snjallausna í umferðaröryggi (t.d. hraðaskynjarar, breytilegar hraðatakmarkanir, viðvörunarkerfi). → Rýni á skipulagsáætlunum til að tryggja öryggi tengina. → Fræðsla um umferðaröryggi.	→ Hönnunardeild → Stoðdeild → Svæði → Umferð og umferðaröryggi	Í vinnslu
	2.2 Bæta staðbundin loftgæði og hljóðvist	→ Fjöldi daga þar sem svífryk fer yfir heilsuverndarmörk (ug/m³, 24 klst. meðaltal). → Mælingar á hljóðvist á útvöldum svæðum. → Fjöldi íbúa sem verða fyrir skertum loftgæðum og hljóðvist.	→ Rykbindingaraðgerðir og aðrar mótvægisáðgerðir í samstarfi við sveitarfélög. → Notkun hljóðvistarlíkana til að meta og rýna áhrif hávaða. → Setja kröfur í útboðsgögn um lágmörkun á hávaðamengun og rykbindingu (t.d. yfirbreiðsla á farmi). → Kröfur um mengunarstaðla fyrir vélar og tæki (t.d. EURO 6). → Auka möguleika á orkuskiptum.	→ Svæði → Umhverfi og sjálbærni → Vegapjónusta	Í vinnslu
	2.3 Tryggja aðgengi að þjónustu, búsetu og störfum með fjölbreyttum samgöngumátum og góðri þjónustu á vegakerfinu	→ Hlutfall ferða þar sem notaðar eru almennings- og virkir samgöngumátar. → Kilómetrar af hjólastígum samhliða framkvæmdum. → Fjöldi ferða og farþega í almenningssamgöngum.	→ Greina fjölda ferða og farþega í ferjum, flugi, almenningsvögnum og öðrum ferðamátum. → Innleiða nýtt leiðarkerfi almenningsvagna Vegagerðarinnar. → Móta tillögu að heildstæðu hjólaneti á landsvísi. → Samþætta ferðamátar og stuðla að samtali við sveitarfélög. → Samræma undirbúning framkvæmda með tilliti til skipulagsmála og almenningssamgangna. → Taka frumkvæði í uppbyggingu innviða fyrir vistvæna orkugjafa í almenningssamgöngum.	→ Almennings- og samgöngur → Áætlunadeild → Svæði	Í vinnslu



	Markmið	Mælikvarðar	Aðgerðir	Ábyrgð	Staða
Mannauður	2.4 Stuðla að sanngjörnum starfsháttum, fjölbreytileika og styðjandi starfsumhverfi	→ Hlutfall starfsánægju í reglulegum könnunum (t.d. Stofnun ársins). → Viðbrögð við niðurstöðum kannana.	→ Úrbætur við niðurstöðum kannana → Laga aðstæður um allt land.	→ Mannauður → Rekstrardeild	Lokið eða langt komið
	2.5 Tryggja þekkingu starfsfólks á sjálfbærni og tengdum aðgerðum	→ Fjöldi vinnustofa og stuðningur frá Umhverfi og sjálfbærni. → Niðurstöður kannana á þekkingu starfsfólks og upplýsingaþörf. → Stöðugur rekstur Vegagerðarskólans.	→ Vinnustofur og stuðningur frá Umhverfi og sjálfbærni. → Mæla þekkingu starfsfólks og upplýsingaþörf með könnunum. → Tryggja áframhaldandi rekstur Vegagerðarskólans.	→ Mannauður → Umhverfi og sjálfbærni	Í vinnslu
	2.6 Hvetja starfsfólk til að nýta sjálfbæra og virkra samgöngumáta	→ Hlutfall vistvænna fararmáta til og frá vinnu. → Fjöldi samgöngusamninga	→ Kanna ferðavenjur starfsfólks Vegagerðarinnar. → Bæta aðstöðu fyrir virka ferðamáta. → Skipuleggja fræðslu og viðbugði til að hvetja til vistvænna samgangna.	→ Mannauður → Rekstrardeild → Umhverfi og sjálfbærni	Í vinnslu



Stefnuáhersla 3

Rekstur og stjórnhættir



	Markmið	Mælikvarðar	Aðgerðir	Ábyrgð	Staða
Gæði og öryggi	3.1 Innleiða og fylgja eftir sjálfbærni-stefnu í allri starfsemi Vegagerðarinnar	→ Niðurstaða kannana og viðtala um viðhorf starfsfólks um sjálfbærni. → Framgangur aðgerðaráætlunar um sjálfbærni. → Þátttaka á fundum og ráðstefnum þar sem Vegagerðin kynnir sjálfbærniáherslur sínar.	→ Framkvæma reglulegar viðhorfskannanir meðal starfsfólks. → Bjóða upp á fræðslu um sjálfbærni fyrir starfsfólk. → Innleiða ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi í innri starfsemi og útboð Vegagerðarinnar.	→ Mannauður → Umhverfi og sjálfbærni	Í vinnslu
Aðgengi og tengsl	3.2 Tryggja skilvirka upplýsingamiðlun og samtal við notendur samgöngukerfisins	→ Umferð um upplýsingar á vef Vegagerðarinnar. → Niðurstöður viðhorfskannana meðal hagaðila. → Fjöld frétta og greina um sjálfbærniáherslur. → Fjöldi morgunfunda og kynningarfunda.	→ Halda reglulegar kynningar fyrir hagaðila um sjálfbærniáherslur. → Samþætta upplýsingagjöf um sjálfbærni við aðra upplýsingagjöf til hagaðila. → Útbúa kynningaráætlun um sjálfbærnimál. → Halda fundi með verktökum við upphaf verkefna til að kynna sjálfbærniáherslur Vegagerðarinnar.	→ Framkvæmda-deild → Samskipta-deild → Umhverfi og sjálfbærni → Þjónustusvið	Í vinnslu
	3.3 Stuðla að samþættingu samgönguhátta á landi, í lofti og á sjó	→ Umferðartölur og farþegafjöldi í ferjum og almenningsvögnum. → Notkun á loftbrú.	→ Þróa og innleiða nýtt leiðarkerfi almenningsvagna Vegagerðarinnar. → Samræma aðgerðir og framkvæmdir við stefnumótun, t.d. framkvæmdir Samgöngusáttmálans.	→ Almennings-samgöngur → Framkvæmda-svið → Svæði	Í vinnslu
Rekstur	3.4 Minnka úrgang, orkunotkun og kolefnisspor vegna starfsemi Vegagerðarinnar	→ Uppfyllt græn skref Vegagerðarinnar. → Orkunotkun (kWst á hvern fermetra skrifstofuhúsnæðis). → Magn úrgangs og hlutfall endurvinnslu (% af heildarúrgangi). → Hlutfall vistvænna innkaupa í heildarútgjöldum.	→ Auka rafrænar lausnir til að minnka pappírnotkun. → Auka flokkun og endurvinnslu á öllum starfsstöðvum. → Tryggja að vistvænar vörur séu forgangsval í innkaupum. → Safna gögnum um vistvæn innkaup	→ Rekstrardeild → Þjónusta → Svæði	Í vinnslu